

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 33

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

11. árgangur

24.6.2004

I	EES-STOFNANIR	
1.	EES-ráðið	
2.	Sameiginlega EES-nefndin	
3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
4.	Ráðgjafarnefnd EES	
II	EFTA-STOFNANIR	
1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
III	EB-STOFNANIR	
1.	Ráðið	
2.	Framkvæmdastjórnin	
2004/EES/33/01	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3487 – PGA Motors/G.G.B.A.)	1
2004/EES/33/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3505 – TCL/Alcatel)	2
2004/EES/33/03	Engin andmæli við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3391 – Xchanging/Deutsche Bank/ETB JV)	3
3.	Dómstóllinn	

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3487 – PGA Motors/G.G.B.A.)**

2004/EES/33/01

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. júní 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið PGA Motors S.A.S. (PGA), sem tilheyrir samsteypunni Porsche Holding Gesellschaft m.b.H., óðlast að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir franska fyrirtækinu G.G.B.A. með hlutafjárkaupum.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Porsche Holding Gesellschaft m.b.H.: smásöluverslun með nýjar og notaðar fólksbifreiðar og léttar atvinnubifreiðar
 - PGA: smásölukeðja sem selur nýjar og notaðar fólksbifreiðar og léttar atvinnubifreiðar í Frakklandi
 - G.G.B.A.: smásölukeðja sem selur nýjar og notaðar fólksbifreiðar og léttar atvinnubifreiðar, aðallega í Frakklandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽²⁾.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma á framfæri hugsanlegum athugasemdum sínum um fyrirhugaða samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 162, 19. júní 2004). Athugasemdir, með tilvísun til máls COMP/M.3487 – PGA Motors/G.G.B.A., má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32; reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 er fallin úr gildi en í hennar stað kemur reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3505 – TCL/Alcatel)****2004/EES/33/02****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. júní 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kínverska fyrirtækið TCL Communication Technology Holding Ltd. (TCL) öðlast að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir franska fyrirtækinu Alcatel Mobile Phone Division (AMPD) með hlutafjárkaupum.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - TCL: framleiðsla og dreifing á farsímum
 - AMPD: hönnun og dreifing á farsímum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽²⁾.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma á framfæri hugsanlegum athugasemdum sínum um fyrirhugaða samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 165, 24. júní 2004). Athugasemdir, með tilvísun til máls COMP/M.3505 – TCL/Alcatel, má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32; reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 er fallin úr gildi en í hennar stað kemur reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004.

**Engin andmæli við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3391 – Xchanging/Deutsche Bank/ETB JV)**

2004/EES/33/03

Framkvæmdastjórnin ákvað 28. apríl 2004 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánæg:

- endurgjaldslaust á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Á vefsetrinu má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði í „CEN“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins undir skjalanúmeri 304M3391. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Um nánari upplýsingar um aðgang að CELEX sjá neðangreint:

CELEX: upplýsingar um áskrift

http://publications.eu.int/general/eulaw_en.htm